
Annar fundur foreldrafélags GSS veturinn 20-21, 13. janúar kl.20 rafrænn fundur

Mættir: Anna B., Anna H., Kristbjörg, Sigrún Erla, Friðjón, Hafþór, Berglind Eva, Karín, María Jónasar, María Kúld, Agnes, Steinunn Alva, Sigga Lóa og Tseveen.

Fundarstjóri: Sigga Lóa

Bekkjarkvöld og föndur fyrir jóla rætt. Hvernig gekk?

2.b. var með Halloween-bekkjarkvöld í Nýrækt.

6.b. var með tvö rafræn Bingó og eitt bekkjarkvöld í heimahúsi.

7. b. var með tvö rafræn Bingó og Kahoot og jólapeysuföndur heima hver fyrir sig en í sambandi rafrænt.

9. b. var með rafrænt spilakvöld.

Mötuneytismaturinn í skólanum. Formaður greindi frá kvörtunum og fyrirspurnum beindum til hennar um það hvort foreldrafélagið geti beitt sér til að bæta úr hinu og þessu varðandi skólamatinn. Líflugar umræður á mjög kurteisum nótum þar sem stiklað var á þessu:

- Hvernig færi svoleiðis fram? Foreldrafélagið á fulltrúa í skólanefnd og tilvealið væri að koma erindinu á framfæri á þeim vettvangi. Einnig ákveðið að senda erindi beint til bæjarstjórnar.
- Hvað er það sem fólki finnst athugavert við matinn? Rætt fram og til baka, of mikið um unnar kjötvörur, ekki komið til móts við börn sem eru grænmetisætur, grænmetið óspennandi svo eitthvað sé nefnt.
- Ekki nógu gott að börnum utan Regnbogalands sé ekki boðið upp á að kaupa hádegismat á föstudögum þó skóladagurinn væri lengdur, 7. - 10. bekkur. Samræmist ekki lögum um grunnskóla frá 2008: *“Nemendur eigi kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið”*.

- Það rætt að heyra í foreldrafélagi Leikskólans ef t.d. út í það yrði farið að fá sérfræðing til að gera úttekt.
- Ákveðið að mynda þriggja manna hóp úr röðum stjórnarinnar til að skoða málið nánar og taka næstu skref. Vinna hópsins endar á einhverri afurð sem verður svo borin undir restina af stjórninni til samþykktar áður en hún er send frá stjórn foreldrafélagsins. Í þessum hóp eru Anna I. Hallgrímsdóttir, Anna Björk Norðdahl og María Kúld.
- Það var tekið skýrt fram að fólk vill ekki fara fram með neinu offorsi eða ásökunum heldur vanda til verka og vinna í samstarfi við alla sem hafa á því áhuga.

Önnur mál. Það aðeins rætt hvað er framundan eins og t.d. öskudagurinn og við viljum vera vel undirbúin þegar að honum kemur, hvernig sem framkvæmdin verður (sóttvarnareglur).

Ákveðið að næsti fundur verður á miðvikudegi eftir tvær vikur, 27. janúar kl.20.00.

Fundi slitið.

Ritari: Sigga Lóa